

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

20. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS  
KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026

Árið 2024, föstudaginn 8. mars kl. 8:30, var haldinn 20. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti, ~~Aníta Björk Pálinudóttir~~, Jónas Ó. Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.  
Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.


Dagskrá og afgreiðsla erinda:

- Skýrsla sveitarstjóra  
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
- Fundargerð 11. fundar fræðslunefndar 28.2.2024.  
Fundargerð staðfest og samþykkt.
- Erindi frá Raggagarði  
Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Raggagarð um stöðugildi sem farið er fram á í erindi með þeirri útfærslu sem fram kemur í erindinu. Sveitarstjóra falið að útfæra lausnir með Raggagarði varðandi salernismál. Súðavíkurhreppur leggur til að leitað verði lausna með aðgangsstýringu á salerni eða öðrum viðunandi lausnum.
- Umræður um samgöngumál og Fjórðungsþing 10. apríl 2024  
Umræður um Álftafjarðargöng og forgangsröðun jarðgangakosta og er sveitarstjórn einhuga um að áhersla verði lögð á að gerð Álftafjarðarganga verði flýtt svo sem kostur er og þau fái skoðun sem lausn á samgöngutálma um lífæð norðanverða Vestfjarða.
- Styrkvegamála  
Sveitarstjóra falið að sækja um styrk fyrir þremur styrkhæfum vegum í Inndjúpi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:10

  
Bragi Þór Thoroddsen

  
Jónas Ó. Skúlason

  
Eiríkur Valgeir Scott

  
Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti